

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársskýrsla 2018



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	03
Inngangur forstöðumanns	04
Stjórn MSS	06
Starfsfólk MSS	07
Nám fyrir einstaklinga	08
Námsleiðir	10
Íslenska fyrir innflytjendur	14
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	15
Fyrirtækjasvið	16
Náms- og starfsráðgjöf	21
Fjarnám	24
Samvinna - starfsendurhæfing	25
Erlend verkfni	31
Þróunarverkefni	33
Ársreikningur 2018	37




Ávarp stjórnarformanns

*Grindavík, mars 2019.
Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður MSS*

Samfélagið á Suðurnesjum hefur verið að breytast með þeirri miklu fólksfjölgun sem á sér nú stað og sér ekki fyrir endann á. Þess vegna er jákvætt að í fjármálaáætlun og byggðáætlun ríkisins séu Suðurnes meðhöndluð sem vaxtarsvæði og sérstakt tillit því tekið til svæðisins við úthlutun fjármagns til stofnana á vegum hins opinbera. Oftar en ekki hefur hallað verulega á svæðið en það sýndi sig í skýrslu sem Aton tók saman fyrir SSS í fyrra. M.v. orð þingmanna meirihlutans á svæðinu hefur verið gerð bragarbót á og útlit fyrir að ekki þurfi að horfa upp á þessa mismunun á fjárveitingu áfram. Því ber að sjálfsögðu að fagna. Við vonumst til að í samræmi við þessi orð muni fjármagn í verkefni sem MSS sinnir aukast í takt við fjölgun íbúa á svæðinu.

Eins og alltaf þarf MSS að vera reiðubúin að þjónusta svæðið miðað við þær kröfur sem það gerir. Þegar mikið atvinnuleysi var á Suðurnesjum bauð MSS upp á ótal námskeið ásamt námsleiðum.

Með vaxandi þörf fyrir vinnuafli í hin ýmsu störf sem tengjast ferðaþjónustunni er mikilvægt að geta boðið upp á námskeið fyrir fyrirtæki eða stofnanir sem til MSS leita, enda starfsemin fjölbreytt. Þá hefur MSS einnig sinnt sí- og endurmenntun fyrirtækja og starfsmanna á svæðinu.



Líkt og undanfarin ár og í raun allt frá stofnun MSS hefur hlutverk þess verið bæði einstaklingum og fyrirtækjum mikilvægt. Við höfum verið að horfa upp á mikinn uppgang á svæðinu, gríðarlega fólksfjölgun og vöxt sem við setjum stundum spurningarmerki við, hvort svæðið einfaldlega þoli? Alltaf er MSS til taks til að þjónusta fyrirtæki og stofnanir með námskeiðum sem sniðin eru að þeirra þörfum.

Hvort sem um er að ræða starfsendurhæfingu, nám til að efla starfshæfni, nám metið til framhaldsskólaeininga, fjarnám í háskóla, tómstundanám eða að fá náms- og starfsráðgjöf.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka öllu starfsfólki MSS og Samvinnu fyrir gott og gefandi starf í þágu þeirra sem til miðstöðvarinnar leita. Ég þakka einnig stjórn MSS kærlega fyrir gott samstarf.

*Heildarfjöldi nemendastunda
á námsákeiðum eftir árum*



Inngangur forstöðumanns

*Boðið var upp á 2-3 viðburði
í hverjum mánuði og voru
þeir vel sóttir*

MSS 20 ára

Árið 2018 einkenndist svo sannarlega af afmælisfögnuði en starfsfólk MSS fagnaði vel 20 ára afmæli MSS og 10 ára afmæli Samvinnu. Í tilefni afmælisins var ákveðið að bjóða upp á fræðslutengda viðburði frá október 2017 fram í maí 2018. Hver mánuður hafði ákveðið þema og var janúar tengdur fjölmenningu, þann 1. febrúar var sjálf afmælis-hátíðin haldin, mars var tileinkaður fjármálum, apríl atvinnulífinu og maí skapandi starfi. Boðið var upp á 2-3 viðburði í hverjum mánuði. Viðburðirnir voru vel sóttir og á árinu 2018 sóttu 300 einstaklingar viðburði tengd afmælinu.

Starfsemi MSS

Starfsemi MSS blómstrar sem aldrei fyrr.

Það er mikil ásókn í alla starfsemi MSS og er það námsframboð sem MSS býður upp á sífellt að verða þekktara meðal almennings. Aðsókn í námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hefur aldrei verið meiri en árið 2018 og fengum við góða auka fjárveitingu frá Fræðslu-sjóði. Það sýnir að það er mikil aðsókn í þá þjónustu sem við bjóðum upp á í gegnum okkar samning við Fræðslusjóð hvort sem það er náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat eða námsleiðirnar. Atvinnulífið er í miklum blóma og er samfélagið okkar hér á Suðurnesjum sífellt að stækka og hefur íbúum fjölgað verulega. Einnig hefur íbúasamsetning breyst og er rúmlega 20% íbúa er fólk af erlendu bergi brotið. Allar spár segja að áframhald verði á þessari þróun og það þýðir að starfsemi MSS þarf að taka mið af því. Starfsfólk leitast við að leita eftir réttum aðferðum og leiðum til að kenna á sem skilvirkasta hátt og til að koma til móts við þennan stóra hóp. Ljóst er að samsetning íbúa mun spila stórt hlutverk í mótun MSS í framtíðinni. Við munum gera okkar besta til að koma til móts við alla hópa sem þurfa á okkar þjónustu að halda á næstu árum.

Samvinna 10 ára

*Fjölmarginir einstaklingar hafa
farið í gegnum Samvinnu og
breytt lífi sínu til góðs*

Vorið 2008 hófu fulltrúar MSS, Reykjanesbæjar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis vinnu við stofnun starfsendur-hæfingarstöðvar á Suðurnesjum. Fyrirmynd starfseminnar var sótt til BYRS starfsendurhæfingar Norðurlands og sóttu fulltrúar þessarar þriggja stofnana ótal fundi og undirbúningsvinnu sem skilaði sér í því að 15. maí 2008 var stofnfundur Samvinnu haldinn og skipulagsskrá undirrituð.

Starfsemin fór síðan í gang um haustið og fyrstu skjólstæðingar voru teknir inn. Frá upphafi var mikið samstarf milli MSS og Samvinnu sem skapaði frá upphafi mikla hagræðingu hjá báðum aðilum og gerði það auðvelt að nýta þekkingu og aðstöðu til heilla fyrir báðar stofnanir. Árið 2014 gerði stjórn Samvinnu samning við stjórn MSS um að miðstöðin tæki við rekstri Samvinnu til fimm ára. Að þeim tíma liðnum yrði sú reynsla skoðuð og næstu skref metin. Mín persónulega skoðun er sú að í þessi fjögur ár sem liðin eru af samningnum hafi þetta gengið vel og starfsemi Samvinnu og MSS styðji vel hvor við aðra. Fjölmargir einstaklingar hafa farið í gegnum Samvinnu og breytt lífi sínu til góðs. Margir hafa í framhaldi eða á meðan þeir hafa verið í Samvinnu nýtt sér námsframboð MSS og bætt við menntun sína. Í þessari ársskýrslu eru viðtöl við tvær konur sem voru skjólstæðingar Samvinnu þar sem þær segja frá stöðu sinni áður en þær komu í þjónustu til Samvinnu og hvernig þær horfa á lífið í dag. Við, starfsfólkið, heyrum ósjaldan samskonar sögur og því vitum við að það starf sem við sinnum skiptir máli og hver og einn starfsmaður innan MSS hefur áhrif á fjölda fólks sem gefur starfi okkar tilgang.



*Guðjónína Sæmundsdóttir
forstöðumaður MSS*



Lokaorð

Allir sem stóðu að stofnun Samvinnu geta verið stoltir yfir 10 ára sögu stofnunarinnar því starfsemin hefur haft jákvæð áhrif á líf margra sem og samfélagið í heild. Trú mín er sú að MSS og Samvinna eigi eftir dafna vel og halda áfram að vinna að verkefnum til góðs fyrir samfélagið. Starfsfólki öllu vil ég þakka fyrir vel unnin störf á árinu og stjórn MSS fyrir gott samstarf.



Stjórn

Kristín María Birgisdóttir,
Stjórnarformaður, Sambandi
sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Breytingar urðu á stjórn MSS á árinu en Jóhanna B. Sigurbjörnsdóttir fór úr stjórn um mitt ár. Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir tók hennar sæti fyrir hönd Reykjaneshæjar.

Guðbrandur Einarsson,
Varaformaður, Stéttarfélagum.

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum frá janúar – ágúst

Ellert Eiríksson,
Atvinnurekendum.

Stjórnin hélt fimm bókaða fundi á árinu 2018.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir,
Reykjaneshæ.

Kristján Ásmundsson,
Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Varamaður Kristínar:
Þuríður Gísladóttir,
Sambandi sveitarfélaga
á Suðurnesjum.

Varamaður Jóhönnu:
Berglín Bergsdóttir,
Reykjaneshæ.

Varamaður Guðbrands:
Kristján Gunnarsson,
Verkalýðs- og sjómannafélagi
Keflavíkur og nágrennis.

Varamaður Kristjáns:
Guðlaug M. Pálsdóttir,
Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Starfsfólk



Arndís Harpa Einarsdóttir

náms- og starfsráðgjafi
100% starf til 1. ágúst og
50% starf frá 1. ágúst.

Áslaug Bára Loftsdóttir

verkefnastjóri
100% starf.

Birna Vilborg Jakobsdóttir

verkefnastjóri atvinnulífs
87% starf.

Eydis Eyjólfssdóttir

þjónustufulltrúi
54% starf.

Guðbjörg G. Gylfadóttir

náms- og starfsráðgjafi
100% starf frá 1. desember.

Guðjónína Sæmundsdóttir

forstöðumaður
100% starf.

Gunnrun Theodórsdóttir

félagsráðgjafi
100% starf.

Haukur Hilmarsson

ráðgjafi
100% starf.

Hólmfríður Karlsdóttir

verkefnastjóri
100% starf.

Hrönn Auður Gestsdóttir

þjónustufulltrúi
100% starf.

Jónína Magnúsdóttir

náms- og starfsráðgjafi
90% starf, lét af störfum 31. apríl. s.l.

Kristinn Bergsson

þjónustufulltrúi og
tæknimaður
Sinnir útköllum eftir þörfum MSS.

Monika Krus

verkefnastjóri
100% starf frá 17. september.

Nanna Bára Maríasdóttir

verkefnastjóri
100% starf.

R. Helga Guðbrandsdóttir

verkefnastjóri Samvinnu
100% starf.

Smári Þorbjörnsson

verkefnastjóri
100% starf frá 1. febrúar.

Steinunn Jónatansdóttir

náms- og starfsráðgjafi
100% starf.

Sunna Hafsteinsdóttir

Iðjupjálfi
100% starf.

Sveindís Valdimarsdóttir

verkefnastjóri
100% starf.

Særún Rósa Ástþórsdóttir

verkefnastjóri
100% starf.

Unnar Sigurðsson

verkefnastjóri
100% starf, lét af störfum 30. júní.

Nám fyrir einstaklinga

Gagn og gaman

Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks.


Á 20 ára afmælinu var boðið upp á ýmsa fyrirlestra og uppákomur.

Þátttaka í þessum flokki var mjög góð þetta árið en MSS fagnaði 20 ára afmæli og bauð upp á ýmsa fyrirlestra og uppákomur af því tilefni og má m.a. nefna hádegisfyrirlesturinn Afróðans og matur sem boðið var uppá í vor og var vel sótt. Einnig var boðið upp á heilsunámskeið í haust með góðri þátttöku. Mesti fjöldinn er þó á námskeiðum hjá þeim aðilum sem MSS er í samstarfi við og tekin var ákvörðun um áramótin að hætta að bjóða upp á hin eiginlegu tómstundanámskeið sem MSS skipuleggur sjálf.


MSS býður öðrum námskeiðshöldurum að sjá um ákveðna þjónustu gegn vægu gjaldi og á árinu veittum við Félagi myndlistamanna í Reykjanesbæ þjónustu með skráningar og innheimtu á námskeiðsgjöldum fyrir þau námskeið sem fóru af stað hjá FMR. Samstarf er við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir setrið og sér um skráningu en Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsýslu vegna þessarra námskeiða.

Einnig er MSS í samstarfi við samtökin U3A Suðurnes. U3A stendur fyrir University of the Third Age eða Háskóli þriðja aldurskeiðsins sem er fyrir 60 ára og eldri. Nokkrir hópar eru undir U3A og hittast þeir reglulega um vetrarmánuðina hjá MSS til að ræða saman, hlusta á erindi og fræðslu um hin ýmsu málefni sem er skipulagt af þeim.

Í heild sinni voru haldin tólf námskeið í flokknum Gagn og gaman með umtalsvert fleiri þátttakendum en árinu á undan.




Heildarfjöldi þátttakenda í Gagn og gaman



Tungumál

Eingöngu Enska fyrir útlendinga fór af stað á árinu 2018 og voru það þrjú námskeið sem um var að ræða. Ríflega helmingi fleiri tóku þátt.

*Heildarfjöldi þátttakenda
á Tungumálanámskeiði*



Tölvunám

Eitt tölvunámskeið í Excel fór af stað á árinu fyrir fyrirtæki hér á svæðinu. Fækkun var á þátttakendum frá árinu áður.

*Heildarfjöldi þátttakenda
á Tölvunámskeiði*

Námsleiðir


Undanfarin ár hefur þróun kennsluhátta tekið markvissum breytingum

Námsleiðir FA fyrir mismunandi hópa

Sí- og endurmenntun er orðin sífellt mikilvægari í atvinnulífi nútímans þar sem starfsþróun og fagleg efling í starfi skipar stóran sess. MSS býður uppá margvíslegar námsleiðir, starfstengdar og í almennum bóklegum greinum. Lögð er áhersla á sveigjanlegt nám þar sem nemendur geta nálgast námsefni á netinu, óháð tíma og rúmi. Undanfarin ár hefur þróun kennsluhátta tekið markvissum breytingum og í dag eru námsleiðir kenndar í dreifinámi, fjarnámi og samkvæmt hugmyndum vendináms. Dreifinám er svokallað blandað nám þar sem hluti námsins fer fram á netinu og nemendur sækja því færri tíma í skólstofunni. Fjarnám fer nánast alfarið fram á netinu en nemendur mæta í staðlotu í upphafi hverrar námslotu á um það bil sex vikna fresti. Vendinám er kennt með þeim hætti að fyrirlestrar og efni er aðgengilegt á netinu en nemendur mæta í verkefnatíma þar sem dýpra er unnið með viðfangsefnið.

Bóklegt nám sem styrkir einstaklinginn

Grunnmenntaskólinn er almennt bóklegt nám og frábært fyrsta skref í námi. Námsleiðin hentar sérstaklega vel fyrir þá sem hafa jafnvel ekki lokið grunnskóla eða hafa ekki verið í skóla í langan tíma. Í námsleiðinni er unnið markvisst að því að styrkja einstaklinginn, efla sjálfstraust hans og virkni. Þá er farið í grunnatriði í íslensku, stærðfræði, ensku og tölvum. Margir nemendur sem ljúka Grunnmenntaskólanum hafa haldið áfram í Menntastoðir.




Menntastoðir eru undirbúningsnám fyrir frumgreinadeildir Keilis, Bifrastar og H.R. Auk þess má meta námið sem hluta af bóklegum greinum í iðnnámi. Námsleiðin er kennd í fjar- og dreifinámi en með breyttum aðstæðum á vinnumarkaði og auknu framboði á sveigjanlegu námi hefur staðnámið tekið miklum breytingum.

Á árinu 2018 var staðnámsnemendum boðið að nýta sér aðstöðu í námsveri MSS þar sem þeir gátu unnið með leiðbeinanda. Staðnámsnemendur fylgdu þá kennslu í fjar- eða dreifinámi en gátu jafnframt komið þrisvar í viku til þess að sinna verkefnavinnu í húsnaði MSS. Með breytingum á aðsókn í staðnám hafa Menntastoðir verið endurskoðaðar með tilliti til þess að gera kennsluhætti enn aðgengilegri fullorðnum námsmönnum sem sinna ýmsum öðrum verkefnum, hafa ólíka reynslu og markmið með námi.

Heildarfjöldi þátttakenda í FA-námsleiðum

Betra aðgengi að námi og sveigjanlegir kennsluhættir hafa einnig gert fleirum kleift að sækja nám en samfélagið á Suðurnesjum hefur ekki farið varhluta af þeim áhrifum. Fjöldi þeirra íbúa sem eingöngu hafa lokið grunnskólaprófi hefur fækkað á svæðinu. Sú breyting er ekki síst tilkomin vegna Menntastoða sem opnar leið fyrir fullorðna nemendur að ígildi stúdentsprófs.

Í námsleiðinni Íslensk menning og samfélag er megináhersla lögð á nám í íslensku en einnig á að auka þekkingu námsmannanna á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Með góðu samstarfi við Samvinnu, Virk og Vinnumálastofnun hefur tekist að bjóða oftari uppá námsleiðina en tveir hópar luku námi á árinu og verður áframhald á þeirri þróun.



Starfstengt nám í þágu atvinnulífsins

MSS hefur það hlutverk að sinna mismunandi þörfum samfélagsins og bjóða eins og áður sagði einnig uppá starfstengt nám.

Með starfstengdu námi er átt við námsleiðir sem tengjast ákveðnum starfsvettvangi en þá er markmiðið að reynsla námsmanna af starfi nýtist í náminu og öfugt. Starfstengt nám getur veitt einstaklingum tækifæri til þess að efla sig í starfi eða kynnast störfum og starfsgeirum sem vekja áhuga þeirra.

Kvikmyndasmiðjan er unnin í mjög góðu samstarfi við Stúdíó Sýrland

Opnar smiðjur veita einmitt gott tækifæri til þess að kynnast skapandi starfsgreinum og hefur kvikmyndasmiðja verið á dagskrá hjá MSS undanfarin ár. Kvikmyndasmiðjan er unnin í mjög góðu samstarfi við Stúdíó Sýrland sem heldur utan um kennslu og skipulag auk þess að bjóða aðstöðu til klippinga og úrvinnslu stuttmynda sem unnar eru í smiðjunni. Í kvikmyndasmiðju kynnast þátttakendur því ferli sem felst í gerð stuttmynda, allt frá handritsgerð að frumsýningu. Skrifstofuskólinn, grunn- og framhaldsnám er sérhæft nám fyrir fólki sem hefur áhuga á að ná sér í góðan undirbúning fyrir skrifstofustörf eða hugar að frekara námi á því sviði.

Að námi loknu eiga námsmenn að hafa öðlast færni í skrifstofustörfum, hafa góða innsýn í rekstur fyrirtækja og góða bókhaldsþekkingu. Kennt er á bókhaldsforritið Navision.

Námið hlaut góðar undirtektir og hafa tveir hópar lokið námi

Skrifstofuskóli I og II var kenndur hjá MSS árið 2018 en námskráin Skrifstofunám sem unnin var af Fræðslumiðstöð Vestfjarða var lögð til grundvallar Skrifstofuskóla II. Námið hlaut góðar undirtektir og hafa tveir hópar lokið námi. Sköpuð var góð samfella á milli námsleiðanna en grunnur að bókhaldi er aðalviðfangsefni fyrri hluta námskeiðsins, ásamt ferilskrárgerð, en áfram er unnið með bókhaldshringrásina og byggt ofan á þekkinguna í seinni hlutanum. Þar er einnig vettvangsnám og aukin tengsl við atvinnulífið.

Aðsókn í skrifstofunám jókst til muna við þá breytingu að bjóða námið í dreifinámi en þannig er betur komið til móts við fullorðna námsmenn á vinnumarkaði.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er tveggja anna nám og hentar sérstaklega vel fyrir þá sem ganga með viðskiptahugmynd í maganum og langar að láta drauminn um eigin rekstur rætast. Námsleiðin er einnig frábær styrkur fyrir þá sem eru nú þegar í rekstri en vantar að skerpa á hugmyndum og aðferðum t.d. í markaðssetningu á samfélagsmiðlum. Hagnýtt nám sem skilar beinni afurð í formi viðskiptaáætlunar og plani um markaðsaðgerðir.

Undanfarin ár hefur MSS boðið uppá nám í félagsliðabréf í samtarfi við Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi. Gríðarmikil þekking og reynsla hefur orðið til með þeim nemendum sem lokið hafa námi, bæði hjá miðstöðvunum sjálfum og í fagstéttum brúarnámsins. Á undanförunum árum hefur einnig verið boðið upp á vendikennslu í Félagsliðabréf og Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf.

Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á vinnslu sjávarafla

Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk er ætlað þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, það er í flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum og að borði neytandans ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna. Námskeiðið er reglulega haldið fyrir starfsfólk í fiskvinnslufyrirtækjum á Suðurnesjum og hefur MSS unnið náið með forsvarsmönnum fyrirtækja til þess að skipuleggja námskeið sem falla vel að vinnutíma og álagi í fiskvinnslunum.

*Spennandi vettvangsferðir eru
hluti af námskeiðinu ásamt
verklegrri kennslu*

Meðferð matvæla er námskeið sem hentar öllum sem starfa eða vilja starfa við matvælaframleiðslu. Meðal þeirra námsþátta sem farið er í er matvælaörverufræði, innra eftirlit, HACCP/GÁMES, gerð matseðla, vörubekking og fæðuflokkarnir. Þá eru atriði tengd hreinlæti svo sem þrif og sótthreinsun, geymslupól og fleira. Spannandi vettvangsferðir eru hluti af námskeiðinu ásamt verklegrri kennslu.

Fagnámskeið í heilbrigðis- og félagsþjónustu er nám fyrir ófaglært starfsfólk í umönnunarstörfum. Tilgangur námsins er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu. Dæmi um námsþætti eru t.d. líkamsbeiting og vinnustaða, almenn sálfræði og siðfræði, samskipti á vinnustað og þjónustulund og framkoma.

Fjölbreytni í starfstengdu námi hjá MSS er þó nokkur en góð tengsl við atvinnulífið, stöðu á vinnumarkaði og eftirspurn í samfélaginu hefur jákvæð áhrif.

Íslenska fyrir innflytjendur

Alls sóttu 358 nemendur almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á árinu 2018. Þar af voru 171 nemandi á vorönn og 187 nemendur á haustönn. Kennt var í sveitarfélögunum Reykjanesbæ, Grindavík og Vogum. Flestir sóttu námskeiðin í Reykjanesbæ eða 290 nemendur. Nemendur í Grindavík voru 29 á vorönn og 29 á haustönn. Eitt námskeið var á vorönn í Vogum en 10 nemendur sóttu þar kennslu í 60 stunda byrjendanámskeiði. Einnig sóttu 15 nemendur 30 stunda íslenskunámskeið á haustönn 2018 í Reykjanesbæ.


Íslenskunámskeiðunum er skipt upp í Íslensku 1-5 ásamt sérstökum talnámskeiðum og var skiptingin á árinu eftirfarandi:

60 stunda námskeið

Vorönn 2018		Haustönn 2018	
<i>Íslenska 1</i>	98 nemendur	<i>Íslenska 1</i>	96 nemendur
<i>Íslenska 2</i>	46 nemendur	<i>Íslenska 2</i>	48 nemendur
<i>Íslenska 3</i>	20 nemendur	<i>Íslenska 3</i>	25 nemendur
<i>Íslenska 4</i>	7 nemendur	<i>Íslenska 4</i>	18 nemendur

30 stunda námskeið

Vorönn 2018		Haustönn 2018	
<i>Íslenska framh.</i>	15 nemendur		




Alls voru haldin 33 námskeið og komu 15 kennarar að kennslu á árinu. Mikill meirihluti nemenda kom á eigin vegum í námið en einnig komu nemendur frá Reykjanesbæ, Vinnumálastofnun og á vegum Virk og Samvinnu.

Hluti af starfi okkar hjá MSS er að veita nemendum ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum í námi og starfi. Á árinu 2018 leituðu þó nokkrir erlendir nemendur sér ráðgjafar.

*Heildarfjöldi þátttakenda
á íslenskunámskeiðum*

Fullorðinsfræðsla fatlaðra

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og ágætlega sótt. Gott samstarf hefur verið við Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja með námskeiðið Hugur og heilsa sem stóð yfir í fimm vikur á vorönn og einnig á haustönn. Á námskeiðunum var farið yfir mikilvægi þess að stunda hollan lífstíl, samskipti, drauma, markmið og skapandi hugsun. Einnig fengu nemendur kynningu á því námi sem fram fer hjá MSS og kynningu á Samvinnu starfsendurhæfingu. Auk kennslustundanna fengu nemendur viðtal hjá iðjuþjálfra sem starfar í Björginni í byrjun námskeiðs og eftir námið stóð til boða að sækja viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa MSS.



Nemendur okkar tóku þátt í Hljómlist án landamæra og voru með listasýningu á Ljósanótt.

Haldin voru söngnámskeið á hvorri önn fyrir sig og voru námskeiðin mjög vel sótt. Þátttakendur á vorönn tóku þátt í Hljómlist án landamæra og voru haldnir tónleikar í Hljómahöllinni þar sem fatlaðir og ófatlaðir listamenn frá Suðurnesjum, Selfossi og Akranesi sungu saman. Nemendur okkar sungu með m.a. Jóni Jónssyni, Emmsjé Gauta og Vox Felix. Tónleikarnir voru vel sóttir og heppnuðust frábærlega vel. Einnig var námskeið í sviðsframkomu og raddbeitingu.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra tók fullan þátt í Ljósanótt og fór af stað listanámskeið í byrjun ágúst og var þemað verk úr laufflöðum og vatnslitum. Lokapunkturinn var opnun sýningar á fimmtudeginum á Ljósanótt. Sýningin hékk uppi í nokkrar vikur og voru fjölmargir sem komu og skoðuðu listaverkin.

Einnig voru matreiðslunámskeið, heilsurækt, listanámskeið þar sem unnið var með vatnsliti í salti og jólalistasmiðja.

Fyrirtækjasvið

Gróska hefur verið í atvinnulífinu á Suðurnesjum þessi misserin. Slíkum uppgangi fylgir þörf fyrir fleira starfsfólk og ýmsar skipulagsbreytingar fylgja í kjölfarið. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að þjálfa nýtt fólk, styrkja eldri starfsmenn og hlúa að allri starfsmannaheildinni. Fyrirtækjasvið MSS hefur fundið fyrir þessum uppgangi og greinileg þörf er á svæðinu fyrir ýmsa starfstengda fræðslu og uppbyggingu starfsmanna og liðsheilda. Aukin eftirspurn er eftir námskeiðum, fyrirlestrum og þjónustu fyrirtækjasviðs við að skipuleggja og halda utan um námskeið og fræðslu fyrir fyrirtæki og létta þannig undir með stjórnendum fyrirtækja.

Starfsmenn fyrirtækjasviðs hafa lagt áherslu á að heimsækja fyrirtæki reglulega bæði í þeim tilgangi að vera vel inni í því sem er að gerast á hverjum tíma í atvinnulífinu og eins til að kynna starfsemi MSS og þjónustu.



Aukin eftirspurn er eftir námskeiðum, fyrirlestrum og þjónustu fyrirtækjasviðs meðal fyrirtækja á svæðinu.


Jafnframt hafa starfsmenn fyrirtækjasviðs orðið varir við að fyrirspurnum frá fyrirtækjum sem ekki hafa áður verið í tengslum við MSS hefur fjölgað. Það er tilfinning starfsmanna að vitneskja um þjónustu fyrirtækjasviðs sé orðin meiri hjá stjórnendum og starfsmönnum á svæðinu. Líklegast stafar það af því að undanfarin ár hefur MSS unnið að því að móta fyrirtækjasviðinu sérstöðu innan stofnunarinnar. Það hefur verið gert á heimasíðu MSS og með sérstökum bæklingi fyrir fyrirtækjasviðið og kynningarheimsóknum til fyrirtækja. Einnig hefur stjórnendum fyrirtækja verið boðið tvisvar sinnum á ári á fræðslutengda hádegisviðburði sem hafa verið mjög vel sóttir. Þessi markaðssetning á þjónustu fyrirtækjasviðs MSS er án efa að skila sér og orðspor af þjónustu fyrirtækjasviðs MSS að spyrjast vel út.

Boðið er upp á úrval námskeiða fyrir fyrirtæki, starfstéttir og einstaklinga sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Algengast er þó að námskeiðin séu sérþönguð og sérsniðin eftir þörfum hvers fyrirtækis hverju sinni.

Námskeið

Fjöldi fyrirtækja nýtti sér þjónustu fyrirtækjasviðs MSS við skipulagningu námskeiða árið 2018. Námskeiðin voru af ýmsum toga, sum námskeiðin halda vinsældum sínum milli ára, önnur detta út og ný bæstast við.

- Þjónustunámskeið – 4.5 stunda námskeið
- HACCP gæðakerfi – 4.5 stunda námskeið
- Fagnámskeið í félags og heilbrigðisþjónustu - 60 stunda námskeið
- Fagnámskeið í félags og heilbrigðisþjónustu - 80 stunda námskeið
- Sölnámskeið – 4,5 stunda námskeið
- Einelti og kynferðislegt áreiti – viðbrögð og forv. - 4 st. námskeið
- Fjölmennning - 4,5 stunda námskeið
- Fjölmennning, hópefli – 4,5 stunda námskeið
- Skyndihjálp - 4,5-6 stunda námskeið
- Grunnnámskeið fyrir starfsfólk í fiskvinnslum - 75 st. námskeið
- Hreinlæti og gæði fyrir matvælaíðnað
- Meðferð matvæla - 60 stunda námskeið
- Millimennningarfærni - 4 stunda námskeið
- Starfsmenn eldhúsa – 4,5 stunda námskeið
- Sterkari stjórnandi – millistjórnendanámskeið - 36 st. námskeið
- Táknmálsnámskeið - 20 stunda námskeið
- Brunavarnir - 3 stunda námskeið
- Öryggisnámskeið - 3 stunda námskeið
- Outlook og fagleg tölvupóstsamskipti - 10 stunda námskeið
- Svæðispekkingsnámskeið - 6 stunda námskeið
- Vörulagersnámskeið
- Hluti af heild – teymisvinna
- Námskeið fyrir sjúkraliða - 7 stunda námskeið
- Áhrif vaktavinnu á heilsu sjúkraliða
- Umsjón og skipulagning starfsdaga fyrir þrjá vinnustaði
- Erfið starfsmannamál - 6 stunda námskeið
- Jafningjastjórnun - 6 stunda námskeið
- Tölvunámskeið - 12 stunda námskeið
- Samstarf og samskipti á vinnustað - ýmsar útfærslur
- Vinnustofur og starfsdagar sniðnir að þörfum fyrirtækja hverju sinni



Fyrirtækin spanna ólík starfssvið og eru þverskurður af atvinnulífinu á svæðinu. Lítil, meðalstór og upp í stærstu vinnuveitendur landsins eru á svæðinu. Fyrirtæki sem eru á flugvallarsvæðinu, í ferðaþjónustu, matvælaíðnaði, fiskvinnslu, sveitarfélög og hið opinbera.

Alls sótti 2.341 þátttakandi 150 námskeið sem haldin voru af fyrirtækjasviði fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu.

Heildarfjöldi þátttakenda á starfstengdum námskeiðum

Þetta er talsverð aukning frá árinu á undan þegar lítið er til þátttakendafjölda og árið það besta frá upphafi hjá MSS. Jafnframt voru 224 þátttakendur á 17 starfstengdum FA námsleiðum sem tengdust beint þjónustu við fyrirtæki.

Fyrirlestrar

Fyrirtækjasvið MSS bauð til opinna fyrirlestra sem voru vel sóttir. Fyrirlesturinn „kulnun í starfi – forvarnir og ráð“ og „árangursríkari stjórnun“ voru mjög vel sóttir. Í heildina sóttu um 140 einstaklingar þessa 2 fyrirlestra.



Fyrirlestar fyrir atvinnulífið, samstarf við Hæfnisetrið og Fræðslustjóri að láni eru meðal spennandi verkefna á fyrirtækjasviði.

Samstarf við Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Á árinu 2018 hóf MSS samstarf við Hæfnisetur ferðapjónustunnar sem felst í að gera príhliða samning við fyrirtæki í ferðapjónustu um fræðslu og mælingar á árangri. Nokkrir samningar hafa verið gerðir en það eru Eldey hótél, Base hótél, B&B hótél, Start hostel, Hótél Keflavík, Bus4U, og Aurora Star hótél.

Fræðslustjóri að láni

Starfsmenntasjóðir helstu almennu stéttarfélaganna bjóða fyrirtækjum sem greiða til félaganna vegna starfsmanna að taka þátt í verkefni sem nefnist Fræðslustjóri að láni. Þátttaka í verkefninu er fyrirtækjunum að kostnaðarlausu. Í fræðslustjóraverkefnum eru myndaðir rýnihópar úr öllum deildum fyrirtækisins og gerð greining á fræðsluþörfum innan fyrirtækisins og í framhaldinu útbúin fræðsluáætlun. Með verkefninu er fræðslustarf fyrirtækja gert markvissara og því komið í ákveðinn farveg. Í framhaldi af slíkum verkefnum sér MSS mjög oft um skipulagningu og utnumhald stakra námskeiða í fræðsluáætluninni og gott samstarf skapast milli fyrirtækisins og MSS.



Árið 2018 fór fram vinna við tvö verkefni vegna fræðslustjóra að láni:

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað gefur starfsfólki tækifæri til að skoða hvernig þau vilja þróast í starfi.

- Lagardere
- Bílaleigan Geysir

Önnur fyrirtæki sem hafa farið áður í gegnum Fræðslustjóra að láni í samstarfi við MSS eru meðal annars Airport Associates, HS Orka, Olís, Eimskip, ISS, Olíudreifing, Nesfiskur, Skólamatur, Allt hreint, Íslenska gámafélagið og Northern Light Inn.

Styrkumsóknir

MSS kynnir starfsmenntastyrki fyrir fyrirtækjum og stofnunum og býður aðstoð við að sækja styrki vegna fræðslu og námskeiða fyrir starfsfólk. Með þessum hætti auðveldar MSS fyrirtækjum vinnu og umsýslu vegna námskeiðahalds og einnig er algengt að fyrirtæki viti ekki um þá styrki sem í boði eru til niðurgreiðslu þegar kemur að fræðslu fyrir starfsfólk. Fyrirtæki eru mjög ánægð með þennan lið í þjónustu MSS og nýta langflestir viðskiptavinir MSS sér þessa þjónustu.

Námsráðgjöf á vinnustað

Náms- og starfsráðgjafar hjá MSS fara reglulega í heimsóknir á vinnustaði, kynna námsráðgjöf og veita einstaklingsviðtöl. Starfsmenn fyrirtækjasviðs kynna einnig þennan möguleika í sínum fyrirtækjaheimsóknum. Viðtölin eru einstaklingum að kostnaðarlausu og áhersla er lögð á hvatningu til virkrar símenntunar, að upplýsa starfsfólk á vinnu-markaði um námsmöguleika og stuðla að starfsþróun. Fjölmörg fyrirtæki á Suðurnesjum hafa fengið heimsókn og kynningu og margir starfsmenn nýtt sér það að koma í námsráðgjöf hjá einhverjum af þremur náms- og starfsráðgjöfum MSS.

Fjölbreytt þjónusta – gerð fræðsluefnis

Fyrirtækjasviðið leggur áherslu á að ganga í takt við samtímann í atvinnulífinu. Til þess höfum við sótt um styrki í Fræðslusjóð til að gera fræðsluefni fyrir sjávarútveginn „Starfsmenntun í fiski - hvenær sem er“ og fyrir ferðaþjónustuna „Gæðamatur og ferðaþjónusta“. Jafnframt styrkir Rannsóknarsjóður síldarútvegsins MSS til að gera nýliðafræðslu og starfakynningu fyrir sjávarútveginn. Verkefnin voru í fullum gangi á árinu.

Það má merkja aukna vitund meðal stjórnenda á svæðinu um þá þjónustu sem fyrirtækjasvið MSS býður upp á.

Það var kraftur og fjölbreytni sem einkenndi árið 2018 á fyrirtækjasviði. Árið var mjög gott, verkefnin mörg og fjölbreytt og mikil aukning í fjölda þátttakenda á námskeiðum, FA námsleiðum og fyrirlestrum.

Það má merkja aukna vitund meðal stjórnenda á svæðinu um þá þjónustu sem fyrirtækjasvið MSS býður upp á og á uppgangstímum eins og nú eru á svæðinu eru vaxtarmöguleikar fyrir þjónustu sviðsins miklir. Nú skiptir máli að halda áfram því öfluga starfi sem hefur verið undanfarin ár og bæta í til að geta sinnt þörfum atvinnulífsins.

Náms og starfsráðgjöf

Að meðaltali voru tveir náms- og starfsráðgjafar starfandi s.l. ár hjá MSS. Helstu verkefni þeirra voru ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla á námsleiðum og á námskeiðum, raunfærnimat og skipulag/ hönnun hópráðgjafar/námskeiða.

Ráðgjafar hafa sinnt nemendum á námsleiðum MSS bæði með einstaklingsviðtölum og hópráðgjöf.



Á síðasta ári voru 808 viðtöl skráð, það tekur þó ekki nema til hluta ráðgjafarinnar þar sem hvorki ráðgjöf í gegnum tölvupóst né símaráðgjöf sem ráðgjafar veita er skráð nema til frekari ráðgjafar komi. Ráðgjöfin skiptist þannig að 332 karlar sóttu sér ráðgjafar á móti 476 konum.

Þá hafa ráðgjafar verið að vinna gegn brotthvarfi með því að hringja í alla nemendur Menntastofna, þetta hefur gefist vel því reynslan sýnir að mikilvægt er að grípa nemendur strax og veita stuðning. Brotthvarf nemenda er yfirleitt á fyrstu vikunum og því mikilvægt að halda vel utan um hópinn.

Náms- og starfsráðgjafar eiga gott samstarf við allar deildir MSS og vinnum við mikið saman sem teymi til hagsbóta fyrir ráðþega okkar. Ráðgjafar MSS eru í góðu samstarfi við ráðgjafa í öðrum samstarfsstofnunum og eru sífellt að leita ráða til að efla ráðgjöf til þeirra hópa sem síst sækja í hana. Samvinna starfsendurhæfing er hluti af starfsemi MSS og náms- og starfsráðgjafar sinna einnig þátttakendum þar. Einnig er samstarf við Virk, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu Sandgerðis, Garðs og Voga, Grindavíkur og Reykjanesbæjar.

Notendur ráðgjafarinnar hafa mikið nýtt sér áhugasviðskannanir en einnig er algengt að einstaklingar nýti ráðgjöfina fyrir námstækni, markmiðasetningu, upplýsingar um leiðir til áframhaldandi náms, ferilskráagerð, stuðning og hvatningu við markmið sín og raunfærnimat. Ráðþegar ræða gjarnan persónuleg mál sem hafa áhrif á námið og þróun á starfsferlinum við sinn ráðgjafa. Ráðgjöfin er kynnt á heimsíðu MSS, fésbókarsíðu MSS með auglýsingum, innan fyrirtækja og samstarfsstofnana, með greinaskrifum og í námsleiðum MSS.

*Heildarfjöldi þátttakenda
eftir kynni og tegund viðtala*



Hópráðgjöf

Hópráðgjöf hefur verið frekar mikil í samstarfi við VMST. Í hópráðgjöf er m.a. lögð áhersla á sjálfstyrkingu, námstækni, ferilskrá/færnimöppu og náms- og starfsfræðslu.


Ráðgjöfin fellur vel að þörfum erlendu atvinnuleitendanna

Árið 2018 var stærsti hluti hópráðgjafar fyrir erlenda atvinnuleitendur. Stór hópur erlendra einstaklinga eru á atvinnuleysisskrá. Hópráðgjöfin fékk nafnið „Á leið í starf“ og hefur gefist mjög vel. Hún inniheldur þætti eins og sjálfsskoðun, færnimöppu- og ferilskrárgerð, kynningarbréf, markmiðasetningu og farið vel í hugmyndir um áhugasvið einstaklinga. Þetta er gert með svipuðu sniði og íslenska starfsleitarstofan þó með smávægilegum breytingum. Túlkur sem greiddur er af VMST er til staðar. Ráðgjöfin fellur vel að þörfum erlendu atvinnuleitendanna þar sem þau eru að hluta einstaklingsmiðuð og efnistöð þróuð í samvinnu við VMST, sem þekkir þarfir skjólstæðinga sinna vel. Á síðasta ári var MSS með í þróun framhalds fyrir sama hóp, þar sem áhersla verður lögð á frekari sjálfstyrkingu, meiri starfsfræðslu, vinnusiðferði og hlutverk starfsmanns, markmiðasetningu, vinnustaðarheimsókn og eftirfylgni.

Starfsleitarstofa fyrir erlenda einstaklinga er líka í boði fyrir aðrar samstarfsstofnanir og alla þá sem vinna í þágu markhópsins. Starfsleitarstofa á íslensku var líka á árinu þó minna hafi farið fyrir henni en undanfarin ár. Við vorum einnig með starfsleitarstofu fyrir þátttakendur Samvinnu, starfsendurhæfingu.

Raunfærnimat

Raunfærnimat í Fisktækni fór fram á vorönn þar sem úthlutun ársins 2017 var kláruð. Farið var inn í Þorbjörn í Grindavík og kláruðu 20 erlendir starfsmenn matið og ein íslensk kona. Gekk verkefnið vel og voru starfsmenn almennt mjög ánægðir að fá þetta tækifæri til að fá raunfærni sína metna. Fengu starfsmennirnir allt frá 30 – 95 einingar metnar inn í íslenskt skólakerfi.



Raunfærnimat í Almennri starfshæfni fór fram allt árið. Þátttakendur voru 10 talsins. Þátttakendur komu frá Virk, Samvinnu, starfsendurhæfingu og Vinnumálastofnun. Bakgrunnur einstaklinganna var misjafn en inntökuskilyrðin voru að hafa nokkra vinnusögu og vera 23 ára eða eldri. Almenn ánægja var með verkefnið og nýttist það mjög vel til meðvitundar um eigin starfshæfni í samanburði við kröfur atvinnulífsins, dró fram styrkleika og jók sjálfstraust þátttakandans að mati ráðgjafa og þátttakenda. Aukin eftirspurn hefur verið eftir þessu mati sér í lagi fyrir þátttakendur frá Virk. Ráðgjafar Virk hafa talað um hversu vel þetta hefur fallið að þeirra ráðþegum.

Heildarfjöldi þátttakenda í Raufærnimati 2018

Pátttakendur samanstóðu bæði af íslenskum og erlendum starfsmönnum.

Vorið 2018 fóru 19 verslunarstjórar Subway í raunfærnimat í verslunarfulltrúanum. Pátttakendur voru mjög áhugasamir og fengu fullt hús stiga, margir sýndu því mikinn áhuga að nýta sér þetta tækifæri til frekara náms. Pátttakendur samanstóðu bæði af íslenskum og erlendum starfsmönnum.

Samstarf var við Fjölbautaskóla Suðurnesja um mat á tölvupjónustubraut og fóru fimm einstaklingar í gegnum matið. Pátttakendur voru allir karlkyns og tveir af þeim sem fóru í gegnum matið hófu í framhaldi nám við Fjölbautaskóla Suðurnesja. MSS mun áfram leggja sitt af mörkum við raunfærnimat og þróun þess enda gífurlega gott tækifæri fyrir einstaklinginn til uppbyggingar á starfsferlinum og hefur virkað einstaklega valdeflandi á pátttakendur.

GOAL

Verkefninu Goal lauk formlega í byrjun árs 2018 með ráðstefnu sem haldin var í Brussel þar sem farið var yfir lærdóm og vænlegar leiðir til að ná í markhópin. Einn námsráðgjafi frá MSS, Steinunn Björk Jónatansdóttir, fór á ráðstefnuna og talaði fyrir hönd hópsins í pallborði um lærdóm og ráðgjafarhluta verkefnisins. Samráðshópur GOAL mun halda áfram að skoða leiðir til að festa lærdóminn í sessi og situr náms- og starfsráðgjafi MSS í þeim hópi.

Kjarninn í starfi náms- og starfsráðgjafa

Kjarninn í starfi náms- og starfsráðgjafa er að vera til staðar fyrir þá einstaklinga sem til okkar leita og úthugsa leiðir til að ná til markhópsins. Mikilvægt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur og vera sýnilegur.

Mikilvægt er að búa til tengingar við nemendur því þannig eru þeir líklegri til að nýta ráðgjöfina. Eins og sjá má hér að ofan er starfið víðfeðmt og nær ráðgjöfin til margra og ólíkra hópa. Teymisvinna í kringum hvern einstakling er mjög mikilvæg og styður umhverfið hér á Suðurnesjum sértaklega vel við það, þar sem allar boðleiðir eru stuttar.

Mikilvægt er að búa til tengingar við nemendur því þannig eru þeir líklegri til að nýta ráðgjöfina

Fjarnám


Það voru um 111 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vorönn 2018 en 126 á haustönn sem eru aðeins fleiri en í fyrra.

Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísleg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku. Ekki er lengur send kennsla í gegnum fjarbúnað frá HA, kennsla fer öll fram á netinu í dag.

Einnig fá nemar aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa MSS, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði tengd náminu sem upp koma.

Alls voru haldin 217 próf á árinu sem MSS hafði umsjón með fyrir Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Endurmenntun HÍ, Bifröst, Háskólann á Hólum, Menntaskólann á Egilsstöðum og Verkmenntaskólann á Akureyri. Skipulag, undirbúningur og yfirseta í prófunum var í höndum MSS.

Það var 21 fjarnemi frá HA sem útskrifuðist vorið 2018 og ein sem útskrifaðist í febrúar 2018 af eftirfarandi sviðum: Hjúkrunarfræði, heilbrigðisvísindi, viðskiptafræði, iðjupjálfunarfræði, sálfræði, líftækni, nútímafræði og lögreglufræði.



*Heildarfjöldi þátttakenda
í fjárnámi á vorönn*

Samvinna – starfsendurhæfing

Unnið er að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega stöðu einstaklinga

Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna að heildstæðri úrlausn hindrana þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt.


Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar. Endurhæfingin fer að mestum hluta fram í hópi t.d. með námskeiðum, fræðslu, hópefli og líkamspjálfun en á einstaklingsmiðaðan hátt þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins. Einnig fer endurhæfingin fram einstaklingslega með viðtölum eða þjálfun hjá fagaðilum, launaðri eða ólaunaðri vinnuþröf. Unnið er að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega stöðu einstaklinga með það að markmiði að þeir verði tilbúnari í starf á almennum vinnumarkaði eða í áframhaldandi nám. Áhersla er lögð á að efla og virkja hvern þátttakanda með það að markmiði að hann öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu. Þátttakendur fá stuðning við að taka á hindrunum sínum og efla styrkleika sína, ásamt þjálfun í að setja sér raunhæf markmið.

Er sá hópur sem leitar til VIRK nær vinnumarkaði að mati sérfræðinga og þurfa því ekki á þverfaglegri starfsendurhæfingu að halda?


Þátttakendum fækkaði þegar leið á árið eins og sjá má á mynd 1.

Þegar meðaltalið er tekið saman yfir árið eru 60 þátttakendur í hverjum mánuði sem nýta sér þjónustu Samvinnu. Á árunum 2016 og 2017 voru þátttakendur að meðaltali 65 í hverjum mánuði og jafnari dreifing yfir árið. Velta má fyrir sér ýmsum spurningum um hvað veldur þessari fækkun, á sama tíma og fjöldi einstaklinga í þjónustu hjá VIRK hefur aukist ár frá ári miðað við ársrit VIRK 2018. Hefur þróunin verið öfug á Suðurnesjum, hefur þörfin fyrir þjónustu VIRK minnkað?

Er sá hópur sem leitar til VIRK nær vinnumarkaði að mati sérfræðinga og þurfa því ekki á þverfaglegri starfsendurhæfingu að halda? Ef svarið er nei hver getur skýringin þá verið, hafa starfsmannabreytingar hjá ráðgjöfum VIRK á Suðurnesjum áhrif þar sem það tekur tíma að koma nýjum starfsmanni inn í starf ráðgjafa, hefur vinnsla mála orðið þyngri hjá VIRK sem leiðir til þess að erfiðara er að komast í þverfaglega starfsendurhæfingu eða er þörfin fyrir þverfaglega endurhæfingu einfaldlega að minnka hér á Suðurnesjum?




Konur voru í meirihluta í Samvinnu eins og sjá má á mynd 2 en þær eru 69% af þátttakendum. Karl mönnum hefur fækkað miðað við árin 2016 og 2017.



Aldur þátttakenda var breiður, yngsti þátttakandinn var 19 ára og elsti 66 ára eins og sjá má á mynd 3. Það voru 106 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Samvinnu á árinu. Ungir einstaklingar voru áberandi á árinu og voru 66 einstaklingar á aldrinum 19 – 29 ára eða 62% af þátttakendum.

Aldur þátttakenda



Endurhæfingarleiðir – innihald

Boðið er upp á mismunandi þjónustuleiðir í Samvinnu og fá allir þátttakendur sinn ráðgjafa úr hópi starfsmanna sem heldur utan um þeirra mál og er tengiliður þeirra í endurhæfingunni. Samvinna er í samstarfi við fagfólk úr öðrum þjónustukerfum sem veita þátttakendum aðstoð og stuðning í endurhæfingunni. Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjupjálfa, þroskapiálfa, náms- og starfsráðgjafa, markþjálfa, næringarráðgjafa, fjármálaráðgjafa, íþróttfræðinga, sálfræðinga, sjúkrapiálfa, menntastofnanir og námskeiðshaldara. Samvinna á einnig gott samstarf við atvinnurekendur um vinnutengingu þátttakenda í formi vinnuprúfu eða starfsþjálfun.

Samvinna starfsendurhæfing er með þjónustusamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu og gilda þar lög nr. 60/2012. Til þess að eiga rétt á þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs þarf fólk að vera með heilsubrest sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni.

Hjá Samvinnu eru í boði tvær heildstæðar leiðir í starfsendurhæfingu ásamt eftirfylgd.

Mat á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum

Um er að ræða endurhæfingu í 1-3 mánuði eftir markmiðum hverju sinni. Þessi leið er nýtt til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst m.a. fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.

Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing


Á þessari leið er unnið heildstætt með vanda einstaklings með það að markmiði að einstaklingur fari aftur út á vinnumarkaðinn eða í áframhaldandi nám. Gerð er krafa um virkni í 15-20 tíma á viku í bæði hópúræðum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Eftirfylgd

Eftirfylgd er fyrir þátttakendur sem hafa lokið endurhæfingu og þurfa á stuðningi að halda í námi eða í vinnu.

Á mynd 4 má sjá skiptingu þátttakenda á endurhæfingarleiðum.

Skipting þátttakenda á endurhæfingarleiðum



Endurhæfingin sérsniðin að þátttakanda

Endurhæfing hjá Samvinnu er sérsniðin að þörfum hvers og eins þátttakanda. Ávallt er í boði dagskrá/stundaskrá sem er eingöngu fyrir þátttakendur í Samvinnu og skipulögð í 6 vikur í senn.


Að venju var dagskráin mjög fjölbreytt og megináherslan á heilsutengda þætti og námskeið sem styðja einstaklinga til þátttöku í atvinnulífinu. Þátttakendum gafst tækifæri á að setja upp sína eigin stundatöflu út frá sínum styrkleikum og hindrunum. Ráðgjafar deildarinnar leggja mikinn metnað í að sinna þátttakendum vel með það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Mikil nýbreytni er í starfinu og fá þátttakendur að taka þátt í mótun dagskrárinnar við ákvörðun þemadaga og námskeiða en þátttakendur eru með í þeirri vinnu að ákveða hvaða námskeið boðið er uppá. Lagasmiðja var ein af þessari nýbreytni undir handleiðslu tónlistarkennara. Kennarinn hefur mikla reynslu af vinnu með fólki sem glímir við ýmis konar hindranir bæði í Englandi og í Bandaríkjunum. Námskeiðið var haldið tvisvar sinnum og skipulagt í fjóra daga í senn og endaði með uppskeru þátttakenda þar sem þau sýndu afrakstur sinn í lagasmiði og tónlist. Einnig hefur Kvikmyndasmiðjan fest sig í sessi á hverju vori þar sem einstaklingar takast á við ýmis konar áskoranir. Þar fyrir utan eru námskeið sem hafa verið ár eftir ár eins og ART meðferðartímar (Aggression Replacement Training), námskeiðið Draumar og drekar, námskeið í hugrænni atferlis-meðferð, fjármálanámskeið og vinnustofur svo eitthvað sé nefnt.

Stór liður í endurhæfingunni er að prufa sig á almennum vinnumarkaði og er Samvinna í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Sjá mynd 5. Færri nýttu sér menntaleiðir en á síðasta ári og svipaður fjöldi prufaði vinnu á almennum markaði. Samstarf við fyrirtæki á Suðurnesjum var til fyrirmyndar.


Menntastofnun - MSS	Fjöldi
Félagsliðabré	9
Grunnmenntaskólinn	8
Íslenska fyrir útlendinga	5
Kvikmyndasmiðjan	13
Íslensk menning og samfélag	1
Menntastoðir	21
Skrifstofuskólinn	2
Sölu- markaðs- og rekstrarnám	2
Samtals	61

Nám utan MSS eða vinnuprufa	Fjöldi
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	2
Mímir	1
Háskóli Íslands	1
Stuðningur í starfi	6
Vinnuprufa á alm. vinnumarkaði	19
Samtals	31

Framfærsla þátttakenda við útskrift 2018



Virgni þátttakenda útskrift 2018



Samantekt

Fækkun á tilvísunum var á síðustu mánuðum ársins 2018. Starfsfólki er umhugað um að þjónusta einstaklinga vel en ef fækkun er á einstaklingum í þjónustu þarf að endurskoða starfið og þau fjölmörgu sérhæfðu námskeið sem Samvinna hefur upp á að bjóða. Engar skýringar eru á þessari fækkun sem vekur upp spurningar og áhyggjur af stöðunni ef fram heldur sem horfir. Undanfarin þrjú ár hafa verið skipulagðar stundaskrár sex vikur fram í tímann með ýmsum þemavikum og uppbrotum á starfinu sem gefist hefur vel. Þannig fær þátttakandinn sína eigin stundaskrá og velur sjálfur námskeið eða leið miðað við sínar hindranir og markmið.

Samstarf okkar við ráðgjafa VIRK er til fyrirmyndar og eru fundir haldnir með þeim reglulega auk samskipta vegna sameiginlegra mála sem snýr að þátttakendum Samvinnu. Ráðgjafar Samvinnu hafa farið á ráðstefnur og sótt fræðslu erlendis og á Íslandi. Á síðasta ári var engin undantekning þar á þar sem farið var til Osló með ráðgjöfum VIRK á ráðstefnuna Nordic Conference in Work & Rehabilitation 2018 og var það hluti af starfsþróun starfsmanna.

Það hefur gefist vel að ráðgjafar Samvinnu sitja rýni með sérfræðingum og ráðgjöfum VIRK þar sem skoðuð er framvinda hvers einstaklings og áætlun um næstu skref gerð. Einnig erum við í samstarfi við aðrar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu allt eftir þörfum hvers og eins þátttakanda.

Tekið var saman hver framfærsla og virgni þátttakenda var við útskrift árið 2018 á næstu tveimur myndum. Eins og sjá má á mynd nr. 6 voru alls 28% með laun á almennum vinnumarkaði sem er fækkun frá árinu áður. Það sem flokkast undir annað voru 9% eða fimm þátttakendur sem voru ekki með neinar tekjur. Þátttakendur sem fengu örorkulífeyri og endurhæfingarlífeyri frá TR eða lífeyrissjóðum voru 46%, á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga 14% sem er aukning frá síðasta ári. Það voru tveir á námslánum eða 3% og enginn var á atvinnuleysisbótum.

Eins og sjá má á mynd 7 voru 42% þátttakenda sem útskrifuðust í virkni ef tekið er saman launað starf, nám og atvinnuleit sem er fækkun frá síðasta ári en það er eitt af markmiðum Samvinnu að þátttakendur auki lífsgæði sín og fjölskyldu sinnar. 31% voru í endurhæfingu annarsstaðar en á vegum Samvinnu. 27% þátttakenda voru flokkaðir í annað sem er aukning frá síðasta ári sem helst í hendur við aukningu á einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum. Annað getur verið fæðingarorlof, heimavinnandi eða engin skipulögð virkni. Undanfarin ár hafi atvinnuleysi verið lítið en tilfinning okkar er að hægst hefur á fjölgun starfa. Það gerir starf okkar auðveldara ef þátttakendur eru tilbúnir að fara í launað starf eða láta reyna á vinnumarkaðinn.

Erlend verkefni

Erasmus+ - GOAL

Goal (Guidance and Orientation for Adult Learners) er 36 mánaða verkefni stýrt frá Belgíu. Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins stýrir verkefninu á Íslandi en MSS ásamt Mími símenntun eru framkvæmdaraðilar. Verkefnið snýr að því að þróa ráðgjöf fyrir fullorðna námsmenn í gegnum alþjóðlegt samstarf. Meginþættir verkefnisins snúa að því að koma á og þróa tengslanet milli hagsmunaaðila/stofnana eða bæta það sem fyrir er ásamt því að skilgreina árangursríkar leiðir til að virkja markhópin. Unnið verður að því að þróa sérstakar aðferðir eða tæki fyrir þjónustu náms- og starfsráðgjafar sem beinist helst að þeim sem sækja síður í nám. Verkefnið hófst í febrúar 2015 og lauk á árinu.

Erasmus+ - ICON (Inverted Classroom ONline)

ICON er samstarfsverkefni stofnana frá Ítalíu, Portúgal, Þýskalandi, Spáni og Noregi sem leiðir verkefnið. Í verkefninu er lögð áhersla á að efla og þjálf kennara, verktaka og verkefnastjóra til að nýta sér tækni í kennslu. Lögð er áhersla á aðferðafræði þess að útbúa gagnleg og vel útfærð kennslumyndbönd með því að læra á upptöku- og klippiforrit.

Markmið verkefnisins eru að

- Þjálf og efla kennara til þess að búa til kennslumyndbönd
- Efla tæknilega þekkingu og útbúa aðstöðu fyrir slíkar upptökur
- Deila reynslu og þekkingu á fjarnámi/kennslu
- Efla sérfræðikunnáttu verkefnastjóra og kennara

Þátttaka í erlendum verkefnum eykur víðsýni, þróun á vinnustaðnum og er góð sí- og endurmenntun.

Haldnir voru tveir fundir á árinu, í Þýskalandi og Noregi. Verkefnið hófst árið 2016 og lauk á árinu.



Nordplus voksen - NLCI (Nordic learning center innovation)
MSS er þátttakandi í Nordplus verkefninu Nordic learning center innovation þar sem unnið er með hugmyndir um nýsköpun norræna námsmiðstöðva en verkefnið miðar að endurhönnun og nýsköpun þeirra kennsluaðferða og lausna sem þátttakendur nýta nú þegar í miðstöðvum sínum. Sérstök áhersla er lögð á að til verði sjálfbærar leiðir innan hversrar miðstöðvar með tilliti til þeirra áskoranna sem þeim mæta. Verkefnið byggir á fjórum meginþáttum sem miða allar að því að styrkja námsmiðstöðvar og efla nærsamfélagið. Þættirnir nefnast markviss miðlun, nýjar leiðir til að nema, að nálgast nýja þátttakendur og að virkja nærsamfélagið við nám. Þátttakendur í verkefninu auk MSS koma frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Markmið verkefnisins eru að

- Efla og fjölga námstækifærum innan námsmiðstöðva
- Styrkja og efla menntunarstig í nærsamfélaginu í gegnum fjarnám
- Gera fleirum kleift að stunda fjarnám frá heimabyggð og efla þannig atvinnu í nærsamfélaginu
- Nýta fjölbreyttar leiðir við nám og kennslu í fjarnámi

Haldnir voru tveir fundir á árinu á Íslandi og í Svíþjóð.
Verkefninu lauk á árinu.

Erasmus+ - Increased knowledge, skills and methods in education

MSS fékk styrk úr Erasmus+ til að starfsfólk MSS gæti sótt sér endurmenntun til að styrkja sig í starfi. Styrkur fékkst til að senda átta einstaklinga í endurmenntun sem snýr að því að styrkja kunnáttu innan MSS á sviði þjónustu við innflytjendur og teymisvinnu og tækni í kennslu. Stefnt er á að gefa öllu starfsfólki MSS tækifæri á að sækja sér endurmenntunar á þessum sviðum. Á árinu 2018 fóru fjórir starfsmenn til Þorsgrunn Voksenopplæringssenter þar sem þau kynntust aðferðum þeirra við kennslu meðal innflytjenda. Verkefnið hófst árið 2018.

Nordplus voksen – Culture and Education building welfare in a Northern cooperation circle

City of Kereva fékk styrk ásamt MSS, Reykjanesbæ, City of Trollhattan og Keila Town Government til að eiga fund í Finnlandi til að undirbúa umsókn í Nordplus Voksen sjóðinn. Haldinn var fundur í Kerava í Finnlandi í ágúst 2018 þar sem farið var yfir hugmyndina og hún útfærð nánar. Fulltrúi Kerava mun síðan stýra umsóknarvinnunni í framhaldinu.

Þróunarverkefni

Grunnatriði stærðfræðinnar

Markmið verkefnisins er að efla grunnleikni í stærðfræði og auka getu nemenda til að nota reikniaðgerðir og sjá samhengi á milli þeirra, auðvelda aðgengi nemenda að kennsluefni í stærðfræði og að nemendur byrji á grunnreglum og grunnatriðum stærðfræðinnar svo þeir vinni að því að styrkja sig með heildstæðri áætlun. Í byrjun náms munu nemendur fylla út staðlaðan lista sem sýnir hver hæfni nemanda er og hvar skal byrja að byggja ofan á fyrri þekkingu. Verkefnið byggist upp á að nemendur vinni samkvæmt einstaklingsáætlun. Nemendur verði mun sjálfstæðari í vinnubrögðum sem eigi eftir að auka áhuga þeirra og færni í að vinna sjálfstætt.

Verkefnið var prufukeyrt haustið 2018 í Grunnmenntaskólanum og búið er að koma því vel fyrir á kennsluvefnum. Hafin er vinna við að kynna verkefnið fyrir öllum símenntunarstöðvum og mun sú vinna halda áfram á árinu 2019.

Verkefnið var styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2017 og því lauk í desember 2018.

Starfsmenntun í fiski – hvenær sem er

Markmið verkefnisins er að auka möguleika fiskvinnslufyrirtækja til að nota rafrænt efni til að fræða starfsmenn sína varðandi vinnu og vinnuumhverfi þeirra.

Þættirnir eru

1. Fiskvinnsla, veiðar, vinnsla og markaðsmál
2. Vinnuaðstaða og líkamsbeiting
3. Öryggi á vinnustað
4. Hreinlæti og gerlagróður
5. Innra eftirlit í fiskvinnslufyrirtæki
6. Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfið
7. Samstarf og samskipti á vinnustað
8. Fjölmennning
9. Skyndihjálp
10. Sjálfsstyrking
11. Umhverfismál og ábyrgar fiskveiðar
12. Gæði og meðferð matvæla – frá veiðum til vinnslu.

Námsefnið er ætlað fyrir nýliða og aðra sem tengjast fiskvinnslu. Almenni hlutinn hefur þann möguleika að geta nýst á hvaða vinnustað sem er.

Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði og hófst haustið 2018.

Gæðamatur og ferðapjónusta

Markmið verkefnisins er að styðja við íslenska matarframleiðslu. Markhópurinn er starfsfólk sem er starfandi í framlínu þar sem framleidd/framreidd eru íslensk matvæli. Starfsmenn fá þekkingu til að kynna sérstöðu íslenskra matvæla fyrir ferðamönnum. Verkefnið er unnið með hliðsjón af verkefni Nýsköpunarráðuneytis um Matarauð Íslands.

Verkefnið verður í sex þáttum þar sem fjallað er um mat og ferðapjónustu, gæði matvæla og meðhöndlun, hreinlæti og þjónustu og ábyrgð starfsmanna.

Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði. Verkefnið hófst haustið 2018.



Mikilvægt er að þróa ný verkfæri, aðferðir og kennsluhætti til að standast nútíma kennslukröfur.

Stafræn nýliðapjálfun og starfakynning fyrir fiskvinnslustörf

Markmið verkefnisins er að styrkja nýliðapjálfun í fiskvinnslu. Einnig er efnið ætlað til að sýna í grunn- og framhaldsskóla og kynna margvísleg störf og starfsmöguleika í fiskvinnslu. Það verða gerðir sex þættir þar sem eru frásagnir einstaklinga úr mismunandi störfum í fiskvinnslu. Einnig verður einn þáttur, þar sem sýnt verður flæði fisks í gegnum vel tækjum búna fiskvinnslu.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknarsjóði síldarútvegsins. Verkefnið hófst haustið 2018.



Heldur áfram að rokka týpuna sem hún er

Anna Rán Árnadóttir

Anna Rán sagði sögu sína á ársfundi MSS en Anna kom til miðstöðvarinnar í gegnum Samvinnu, starfsendurhæfingu. Anna Rán á langa sögu andlegra erfiðleika en hún hefur tekist á við árattu- og þráhyggju-röskun frá fjögurra ára aldri, hún missti föður sinn ung og var sjö ár í ofbeldissambandi sem hafði mikil neikvæð áhrif á sjálfsmynd hennar og heilsu. Staða Önnu Ránar var erfið þegar hún hóf starfsendurhæfingu hjá Samvinnu fyrir tveimur árum. Anna Rán lýsti sjálfri sér sem óvinnufærri, nýgreindri með vefjagigt og að sjálfsmynd hennar hafi verið niðurbrotin. Hún upplifði sig alveg týnda, hafði aldrei sett sér nein markmið í lífinu einfaldlega vegna þess að hún ætlaði sér aldrei að lifa nógu lengi til þess að uppfylla einhver markmið eða drauma. Anna Rán tók sjálf ákvörðun um að leita sér aðstoðar en að hennar sögn var það fyrsta sjálfstæða ákvörðunin sem hún hefur tekið í lífinu, ákvörðun sem hefur skilað henni nýjum tækifærum og markmiðum.

Fyrsta markmið Önnu Ránar var að snúa líðan sinni við eða eins og hún orðaði það; að gera hamingju að náttúrulega sviðinu en vanlíðan að því ónáttúrulega eða undantekningunni. Þó ýmislegt hafi gengið á í gegnum endurhæfingartímabilið og lífið tekið erfiðar beygjur á köflum hefur Önnu Rán tekist að ná markmiðum sínum og hefur nú m.a. lokið B.ed. gráðu í grunnskólakennarafræðum og stundar nú nám á meistarastigi við Háskóla Íslands. Hún stefnir á að starfa við kennslu að loknu námi en það er stóra markmiðið hennar og draumur sem hún hefur lengi borið með sér.

Anna Rán sagði frá því sem hún hefur gert til þess að breyta stöðu sinni en þar nefnir hún að skipti miklu máli að komast í rútínu, kynnast nýju fólki og hugsa vel um sjálfa sig. Það sem stendur algjörlega uppúr fyrir Önnu Rán eru tengsl hennar við ráðgjafa sinn hjá Samvinnu sem hún segir hafa stutt sig í einu og öllu, verið hvetjandi og skilningsrík, einfaldlega best eins og hún orðaði það. Anna Rán lítur framtíðina björtum augum, hún hefur styrkt sjálfmynd sína, er meðvituð um að leyfa sér að vera hún sjálf og sagðist ánægð og stolt ætla að halda áfram að rokka týpuna sem hún er.



Mikilvægast að láta rödd sína heyrast

Herdís Ósk Sveinbjörnsdóttir

Herdís Ósk kom til MSS í gegnum Samvinnu, starfsendurhæfingu en hún hóf svo nám í Grunnmenntaskólanum og Menntastoðum á endurhæfingartímabilinu. Herdís sagði frá erfiðri skólagöngu sinni í grunnskóla en hún var lögð í einelti af nemendum og kennurum. Herdís lýsir sjálfri sér sem algjörlega niðurbrotinni þegar hún kom til Samvinnu, sautján ára gömul varð hún fórnarlamb nauðgunar og síðar var hún í ofbeldissambandi í sjö ár þar sem hún hafi verið beitt andlegu, líkamlegu, kynferðislegu, félagslegu og fjárhagslegu ofbeldi sem hafði gríðarlega mikil áhrif á sjálfsmynd hennar og andlega heilsu. Herdís sagði frá erfiðri baráttu sinni fyrir forræði yfir börnum sínum en sú deila hefur staðið yfir síðan 2016.

Staða Herdísar við upphaf starfsendurhæfingarinnar var alls ekki góð en ofsakvíði og þunglyndi voru farin að hafa áhrif á getu hennar í daglegu lífi og starfi. Hún setti sér það markmið að ná stjórn á kvíða, komast uppúr þunglyndinu og fá styrk til að komast út úr aðstæðunum sem hún var í. Einnig vildi hún læra að elska og treysta sjálfri sér. Að sögn Herdísar hefur hún unnið markvisst í áfallastreitunni og tímar í tólf sporum og sjálfstyrkingu hjálpuðu henni ótrúlega mikið, þar áttaði hún sig á því að hún byggji yfir miklum viljastyrk og krafti til þess að halda áfram. Hún segist von því að standa í baráttu líkt og hún geri í dag þegar hún berst fyrir réttlæti gagnvart börnum sínum, að kerfið taki þau alvarlega og fyrst og fremst hlusti á óskir barnanna hennar.

Í dag stundar Herdís nám við frumgreinadeild Keilis. Að hennar sögn hafði hún aldrei séð fyrir sér að fara aftur í nám og hafði í raun ákveðið að það væri alls ekki vettvangur fyrir hana en hún stefnir á að ljúka Keili og halda áfram í námi að því loknu, mögulega í félagsráðgjöf. Herdís segist horfa fram á veginn og ætlar sér ekkert til baka heldur halda áfram sinni vinnu, sama hversu erfið hún er. Hún vill ennfremur nýta reynslu sína til góðs og segist vilja geta gert eitthvað til þess að þrýsta á breytingar í kerfinu og bendir á mikilvægi þess að láta rödd sína heyrast. Eins og hún orðar það þá er aldrei að vita hvert lífið tekur mann en það er okkar að ákveða hvernig við ætlum að nota þessa reynslu okkar í framtíðinni.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársreikningur 2018



Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses.

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hlutafa Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 8. apríl 2019

Deloitte ehf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Staðfesting stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum var stofnuð 10. desember 1997.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundánám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.


Tekjur umfram gjöld Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. á árinu 2018 nam kr. 12.828.956. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 181.830.325, bókfært eigið fé í árslok er kr. 147.249.243 og er eiginfjárhlutfall félagsins 81,0% samanborið við 85,4% í ársbyrjun.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 8. apríl 2019

Í stjórn



Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður



Ellert Eiríksson



Kristján Asmundsson



Kristján Gunnarsson



Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Forstöðumaður



Guðjónína Sæmundsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur		351.583.898	327.639.460
Aðrar tekjur		6.755.799	7.378.462
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(206.545.036)	(165.838.306)
Annar rekstrarkostnaður		(142.074.618)	(149.049.116)
Afskriftir fastafjármuna	6	(2.719.352)	(2.704.298)
Rekstrarniðurstaða		7.000.691	17.426.202
Fjármunatekjur	4	6.488.879	5.262.841
Fjármagnsgjöld	5	(660.614)	(649.244)
Tekjur umfram gjöld		12.828.956	22.039.799

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	5.785.993	4.973.341
Fjárfestingarverðbréf	7	100.000	100.000
		<u>5.885.993</u>	<u>5.073.341</u>
Veltufjármunir	8		
Viðskiptakröfur		18.857.150	15.985.050
Aðrar skammtímakröfur		2.070.789	2.384.177
Handbært fé		155.016.393	134.006.753
		<u>175.944.332</u>	<u>152.375.980</u>
Eignir		<u>181.830.325</u>	<u>157.449.321</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		147.249.243	134.420.287
Eigið fé		<u>147.249.243</u>	<u>134.420.287</u>
Skammtímaskuldir	10		
Viðskiptaskuldir		4.642.884	7.701.144
Aðrar skammtímaskuldir		29.938.198	15.327.890
Skuldir		<u>34.581.082</u>	<u>23.029.034</u>
Eigið fé og skuldir		<u>181.830.325</u>	<u>157.449.321</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		7.000.691	17.426.202
Afskriftir	6	2.719.352	2.704.298
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting		52.965	584.260
Veltufé frá rekstri án vaxta		9.773.008	20.714.760
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun		(2.611.677)	7.758.159
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		11.552.048	(8.008.024)
Handbært fé frá rekstri án vaxta		18.713.379	20.464.895
Innborgaðir vextir og arður		6.488.879	5.262.840
Greiddir vextir		(660.614)	(649.243)
Handbært fé frá rekstri		24.541.644	25.078.492
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(3.532.004)	(3.423.215)
		(3.532.004)	(3.423.215)
Fjármögnunarahreyfingar			
Fjármögnunarahreyfingar		0	0
		0	0
Hækkun handbærs fjár		21.009.640	21.655.277
Handbært fé í upphafi árs		134.006.753	112.351.476
Handbært fé í lok árs	8	155.016.393	134.006.753
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri	14	15.601.273	25.328.357